

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 469/1991, 1. október 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. janúar 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 424/1991.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Í VIII. kafla bætist ný grein, er verði 5. gr. Greinin orðist svo:

5. Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skipti-stöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hver er hámarkshraðinn sem notandi vill fá. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

5.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Stofngjald kr.	110 000,00	114 000,00	228 000,00

5.2. Afnotagjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

Hraði	64 Kb/s	128 Kb/s	2 Mb/s
Ársfjórðungsgjald kr.	88 000,00	95 000,00	360 000,00

Notendur greiða stofngjald og afnotagjald fyrir línu til skiptistöðvar skv. 10. kafla og teljast línurnar vera í 2. flokki. Þó skal lágmarksfjarlægð teljast 2 km í þessu tilviki fyrir alla hraðaflokka.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Elín Helgadóttir.